



22. febrúar 2021

Tilvísun: 2102197

Númer: 10/2021

Dreifibréf til eftirlitsskyldra aðila

Efni: Lög nr. 7/2021 um fjárhagslegar viðmiðanir

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) vekur athygli á að Alþingi hefur samþykkt lög nr. 7/2021 um fjárhagslegar viðmiðanir. Með þeim öðlast reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1011 (BMR)¹, sem fjallar m.a. um vísitölur sem eru notaðar sem fjárhagslegar viðmiðanir eða til að mæla árangur sjóða, lagagildi hér á landi. Hið sama á við um breytingareglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/2089.

Helstu upplýsingar um BMR má finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins undir vefslóðinni <https://www.fme.is/eftirlit/verdbrefamarkadur-og-sjodir/log-um-fjarhagslegar-vidmidanir>. Fjármálaeftirlitið vill engu að síður vekja sérstaka athygli á eftirfarandi atriðum:


- Reglugerðin á við um aðila sem sjá um gerð viðmiðana, eða leggja fram inntaksgögn í viðmiðanir. Þá á reglugerðin jafnframt við um aðila sem nota viðmiðanir innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta á meðal annars við um aðila sem nýta vísitölur til viðmiðunar við stýringu sjóða og við útreikninga á árangurstengdum þóknunum. Ýmsir aðilar eru undanskildir ákvæðum reglugerðarinnar, svo sem seðlabankar, opinber yfirvöld, fréttamiðlar o.fl.
- Mikilvægt er fyrir aðila sem telja sig gera viðmiðun eða viðmiðanir að kynna sér vel efni reglugerðarinnar og eftir atvikum sækja um starfsleyfi eða skrá sig sem stjórnanda viðmiðunar hjá Fjármálaeftirlitinu. Fer það eftir eðli viðmiðunar og mikilvægisflokkun hennar hvort aðilar þurfi að sækja um starfsleyfi eða skrá sig hjá Fjármálaeftirlitinu.

¹ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 (*)


- Rekstraraðilum sérhæfðra sjóða og rekstraraðilum verðbréfasjóða er sérstaklega bent á að hugtakið fjárfestingasjóður í BMR er frábrugðið því sem notað er í löggjöf sem gildir um sérhæfða sjóði og verðbréfasjóði. Þannig er hugtakið fjárfestingasjóður skilgreint í BMR sem: Sérhæfður sjóður eins og hann er skilgreindur í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB eða verðbréfasjóður eins og hann er skilgreindur í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

Hægt er að senda fyrirspurnir um BMR á netfangið BMR@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,



Páll Friðriksson
framkvæmdastjóri
markaðir og viðskiptahættir



Aðalsteinn Eymundsson
forstöðumaður
markaðir og viðskiptahættir